



Skóli Ísaks Jónssonar  
Sjálfsseignarstofnun

## **Skólanámskrá SÍJ**

### **Tölvumennt – 4. bekkur**

Hver nemandi er í eina kennslustund á viku í tölvumennt.  
Hálfur bekkur er í senn á móti tónmennt.

Lögð er áhersla á umgengni og vinnulag við tölvur, helstu aðgerðir í tölvu og almenna tölvunotkun. Þannig er markvisst stefnt að því að efla sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Börnin fá æfingu í helstu aðgerðum grunnforrita tölvu ss. ritun, teikningu, notkun vafra, töflureiknir, glærugerð. Aukinheldur sem þau stíga nokkur skref í hlutbundinni forritun. Siðferði og öryggismál eru í hávegum höfð í kennslunni, og börnin fá kynningu á helstu siðareglum og öryggi við notkun tölvu og á Internetinu.

### **Matsviðmið**

#### **Umgengni og vinnulag**

Gangi vel um og fylgi reglum sem gilda í tölvustofunni / við tölvur  
Fylgist vel með í kennslustundum og fari eftir fyrirmælum  
Séu vinnusamir  
Sitji rétt við vinnu á tölvu  
Kveiki á tölvu  
Tengi heyrnatól

#### **Tölvun**

Þekki heitin á helstu hlutum tölvunnar ss. tölva, skjár, lyklaborð og mús  
Þekki heitin á helstu jaðartækjum tölvunnar, ss. hátalari, prentari, skanni  
Þekki grunnheitin hugbúnaður / vélbúnaður og muninn þar á

#### **Almenn notkun**

Skrái sig inn í tölvukerfi skólans með notandanafni og lykilorði  
Opni og loki forritum  
Kunni að finna forrit og leiki í möppum  
Kunni að nota forrit til náms og ánægju  
[Visti og sæki skjöl](#)  
[Geti prentað út eigin verkefnaafurðir](#)

## **Vafri**

Kunni undirstöðuatriði í notkun vafra (hlekkir, afturábak, áfram, opna og loka flipum)

Kunni að fara inn á uppgefna vefslóð

Geti leitað eftir einföldum upplýsingum á vefsíðum

Sæki texta og myndir á netið og visti með skipulögðum hætti

Leiti eftir efnisorðum á vef (noti leitarvélar)

## **Teikning**

Noti teikniforrit og þekki eftirtalin áhöld (pensill, litur, lína+form, málningarfata, hoppa til baka (e. undo) , dropateljari )

Geti teiknað myndir í teikniforriti

Geti skrifað texta, breytt leturgerð og fært textabox í teikniforriti

Geti valið hluta úr mynd, búið til afrit, snúið og breytt hlutastærð

Geti breytt stærð á blaði

## **Ritun**

Staðsetji fingur rétt á og þekki vel alla heimalykla (A,S,D,F - J,K,L,Æ)

Noti rétta fingrasetningu

Riti einfaldan texta í ritvinnslu

Leiðrétti einfaldan texta í ritvinnslu

Kunni að gera kommu yfir stafi ( ´ + stafur )

Nota skiptihnappinn (e. shift) til þess að búa til stóra stafi

Þekki helstu hnappa á lykklaborði tölvu (bilslá, kommu, færsluhnapp (e. enter), skiptihnapp (e. shift) og stroka út

Breyti gerð, stærð og lit á letri í ritvinnslu

Jafni texta í ritvinnslu (vinstri , miðja , hægri)

Skeyti mynd í texta, stækki hana og minnki

Sæki texta og myndir á netið og skeyti í skjöl

Afriti, klippi og lími texta

Setji inn töflur og lista

Geti sett inn fyrirsagnir í texta

Geti breytt útliti / þema á verkefni

## **Töflureiknir**

Opni töflureikni og þekki helstu heiti í umhverfinu (lína, dálkur, heiti á reit)

Geti framkvæmt einfaldar aðgerðir í umhverfinu (sjálfvirk summa, sameina reiti)

Geti skrifað í reiti og stækkað linur og dálka eftir þörfum

Geti breytt útliti á reitum með því að nota forsníð

## **Glærugerð**

Opni forritið MS Powerpoint og stofni þar nýtt verkefni

Geti sett inn texta á glæru

Geti sett mynd á glæru

Geti valið bakgrunn á glæru

Geti sett inn myndir á glæru

Geti stýrt birtingu glæru (skiptingar)

### **Síðferði og öryggismál**

Tileinki sér kurteisi og almenna varfærni á netinu

Átti sig á mikilvægi þess að halda lykilorðinu sínu leyndu

Tileinki sér að fara gætilega með persónuupplýsingar og annarra á netinu

Kunni að forðast varasamar vefsíður og bregðast við þeim

[Þekki helstu reglur um örugga netnotkun, netorðin fimm \( SAFT \)](#)

### **Námsmat**

Kennari metur hæfniviðmið jafnt og þétt yfir skólaárið og er matið birt á Mentor.

Námsmat skiptist á tvær annir; haustönn og vorönn. Metin eru þau hæfniviðmið

sem áhersla er lögð á hverju sinni og unnið hefur verið með. Til grundvallar

námsmati liggja fjölbreytt verkefni, ástundun, og virkni í tímum.